

Áform um frumvarp til laga um brottfararstöð

Mál nr. S-138/2025

Barnaheill lýsa þungum áhyggjum af áformum um brottfararstöð, sér í lagi þar sem gert er ráð fyrir að í þeim sé hægt að vista börn. Barnaheill leggjast alfarið gegn því að börn séu hneppt í varðhald fyrir það eitt að vera á flóttu, hvort sem þau eru í fylgd forráðamanna eða ekki.

Líkt og fram kom í umsögn Barnaheilla við fyrri frumvarpsdrög (frumvarp til laga um lokað búsetuúrræði, mál nr. S-10/2024) er óljóst hver er tilgangur lagasetningar af þessu tagi. Hvergi kemur fram að það sé teljandi vandamál að barnafjölskyldur láti sig hverfa í kjölfar úrskurðar þannig að það kalli á varðhald þeirra fram að flutningi.

Hafa ber í huga að hverjar sem málalyktir umsóknar um alþjóðlega vernd kunna að vera, þá er búseta og þjónusta í nærsamfélaginu ávallt það sem er barninu fyrir bestu. Með því að vista börn í brottfararstöð um óákveðinn tíma er hætt við að rof verði á grunnþjónustu sem skiptir miklu fyrir þroska og velferð barna.

Barnaheill taka að öðru leyti undir það sem fram kemur í umsögn UNICEF á Íslandi, dags. 29. júlí 2025. Sérstaklega ber að ítreka hvatningu um að stjórnvöld færi í lög bann við varðhaldi barna á grundvelli stöðu þeirra sem útlendinga, í samræmi við ábendingar barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna og nefndar Sameinuðu þjóðanna um vernd allra farandverkamanna og fjölskyldna þeirra.

Virðingarfyllst,

Tóttla I. Sæmundsdóttir

Tóttla I. Sæmundsdóttir
Framkvæmdastjóri Barnaheilla



Barnaheill